



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. október 2018.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um stofnun ráðgjafarstofu innflytjenda, 149. löggjafarþing 2018 -2019. Þskj. nr. 19 – 19. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist ofangreind þingsályktunartillaga til umsagnar um stofnun ráðgjafarstofu innflytjenda. Tillagan gerir ráð fyrir að komið verði á laggirnar ráðgjafastofu fyrir innflytjendur þar sem nálgast má allar nauðsynlegar upplýsingar og ráðgjöf, um réttindi og skyldur, sem þeir kunna að þurfa. Fyrirmyndin eru samskonar stofnanir í Portúgal, Kanada og Danmörku sem starfað hafa við góðan orðstír.

MRSÍ telur mikla þörf á slíku úrræði. Skrifstofan sinnir nú þegar ráðgjafandi hlutverki til innflytjenda í formi lögfræðiráðgjafar og þekkir því frá fyrstu hendi hve þörfin er mikil. Mikilvægt er að innflytjendur jafnt sem aðrir hafi greiðan aðgang að öllum helstu upplýsingum sem þeir kunna að þurfa og ef hægt er að sækja þær allar á einn og sama staðinn auðveldar það öllum hlutaðeigandi aðilum.

Ein útfærslan gæti verið sú að ráðgjafarstofan sem þingsályktunin fjallar um félli undir starfsemi MRSÍ. Skrifstofan er vel til þess fallin að auka umsvif og bæta við veitta þjónustu, með tilkomu fjármagns.

MRSÍ telur mikilvægt að þingsályktunin verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri